



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2018

SÁLF3ÞS05

Þroskasálfræði

Kennari: Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Titill	Þroskasálfræði
Námsgrein	Sálfræði
Viðfangsefni	Fjallað um þroskaferil barna og unglunga
Skammstöfun	SÁLF2ÞS05
Prep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	<p>Nemendur kynnst helstu þáttum þroskasálfræðinnar og þroskaferlum einstaklinga frá getnaði og fram á unglingsár. Fjallað er um líkamsþroska vitsmuna-, siðfræði- og tilfinningaþroska. Einnig er vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Fjallað er um mismunandi þroskakennningar. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglunga til dæmis geðræn-, tilfinningaleg-, líkamleg-, náms- og hegðunarvandamál.</p> <p>Kennslubók: <i>Þroskasálfræði</i> eftir Aldísi Guðmundsdóttur Viðtalstími kennara: Fimmtudagar kl. 09:15-09:45 Síma- og tölvunotkun einungis leyfð við verkefnavinnu</p>
Forkröfur	SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none">• þroska mannsins út frá sálfræðilegum kenningum• þróun máltöku• helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar• framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi• nýta fræðilegan texta á íslensku• miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vera betur í stakk búinn til að takast á við uppeldi eigin barna• tileinka sér frekara nám/starf á sviði uppeldismála• vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt• taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræði
Námsmat	Símat: Fimm kaflapróf, 17% hvert; ástundun 10%; enskupróf 5%

Selfossi, janúar 2018

Árni Blandon